

hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konunglegum úrskurði 1. aprílm. 1856, sem birtur er með auglýsing frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. dag sama mánaðar. 1862.
25. ágústm.

Þetta gefst hérmeð öllum hlutaðeigendum til vitundar.

**47. Opið bréf, er löggildir á Íslandi lög 21. janúar-
mánaðar 1857, um hegning fyrir illa meðferð á
skepnum.** 29. ágústm.

Vér Friðrik hinn sjöundi, og s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um að löggilda á Íslandi lög 21. janúarmánaðar 1857, um hegning fyrir illa meðferð á skepnum, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Hver sem verður sekur að grimmdarlegri misþyrming á skepnum, einkum húsdýrum, eður að annari harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður ekki, á, eptir málavöxtum og eptir því, hvort brotið er framið í fyrsta skipti eður ítrekað, að sektast allt að 50 ríkisdöllum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður¹.

Samkvæmt konungsúrskurði 4. janúarm. 1861 var lagt fyrir alþingi árið 1861 frumvarp til opins bréfs, er löggildir á Íslandi lög 21. janúarm. 1857 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum; frumvarp þetta, sem ásamt ástæðunum fyrir því er prentað í alþingistiðindunum 1861, viðbæti A, 142.—144. bls., er þannig hljóðandi:

„Hver sem verður sekur að grimmdarlegri misþyrming á

¹⁾ Mál þetta var í fyrsta skipti rætt á alþingi 1859; sjá bænarskrá alþingis í alp.tíð. þess árs 923. bls. og konunglega auglýsing til alþingis 1. júnim. 1861, II. 16.

1862.

29. ágústm.

skepnun, einkum húsdýrum, eður að annari harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður annara, á, eptir málavöxtum og eptir því, hvort brotið er framið í fyrsta skipti eður ítrekað, að sektast allt að 50 ríkisdöllum, eður sæta líkamlegri hegning, allt að 20 vandarhöggum“.

Eptir að þingið var búið að ræða málið á löglegan hátt, var samið um það og sent stjórninni þegnlegt álitsskjal, sem prentað er í alþingistiðindunum 1861, 49S.—500. bls. Í álitsskjali þessu fer þingið fram á, að á frumvarpinu verði gjörðar þær breytingar, að út megi koma lagabod, þannig hljóðandi:

„Tilskipun um illa meðferð á skepnun á Íslandi.

1. gr. Hver sem verður sekur að grimmdarfullri misþyrming á skepnun, einkum húsdýrum, eður að annari harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður eigi, á, eptir málavöxtum og eptir því, hvort brotið er framið í fyrsta skipti eður ítrekað, að sektast allt að 50 rdl.

2. gr. Á sama hátt skal þeim hegnt, sem með grimmdarfullri hörku drepur skepnur úr hor, þó hann eigi föður handa þeim.

3. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál“.

Auk breytingar þeirrar, sem alþingi hefir gjört á fyrirsögn lagabodsins, er frumvarp þingsins frábrugðið frumvarpi stjórnarinnar í því, að þingið hefir sett í frumvarp sitt tvær nýjar greinir (2. og 3. grein), og í því, að í 1. grein, sem innibindur í sér allt frumvarp stjórnarinnar, eru gjörðar tvær breytingar: er önnur sú, að sleppt er niðurlagi stjórnarfrumvarpsins: „eður sæta líkamlegri hegning allt að 20 vandarhöggum“; en hin er sú, að orðunum: „hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður annara“ er breytt á þessa leið: „hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður eigi“.

Hvað nú snertir breytingar þessar, þá virðist ekki vera ástæða til að fallast á þær tvær nýju greinir, er alþingi hefir stungið upp á. Hin fyrri af greinum þessum (2. grein) tekur

1862.

29. ágústm.

aðeins upp aptur þá ákvörðun, sem búið er að setja í 1. grein, um þann, sem með grimmdarfullri hörku lætur skepnur sínar drepast úr hor þó hann eigi fóður handa þeim. Þingið hefir nú sjálft játað, að frumvarp stjórnarinnar, rétt skilið, einnig ná til þessa tilfellis; en með því helzt sé að óttast fyrir, að ill meðferð á skepnum komi fyrir á Íslandi á þann hátt, að menn með grimmdarfullri hörku láti þær deyja úr hor, þá þótti þinginu nauðsyn á, að taka skýrt fram í grein sér, að lögin ná og til slíkra brota. En sé það vafalaust, að ákvörðunin í 1. grein sé svo yfirgripsmikil, að það atriði, sem um er rætt í 2. grein, sé innibundið í henni, þá verður eigi sæð, að nauðsyn sé á að taka þetta fram í grein sér; þess ber og að geta, að ákvörðunin er ekki nákvæm, eins og hún er orðuð í 2. grein, með því sá maður einnig á að sæta hegning, sem á grimmdarfullan hátt lætur skepnur sínar drepast úr hor, jafnvel þó hann ekki eigi fóður handa þeim. Eigi virtist heldur vera ástæða til að fallast á hina nýju greinina, er alþingi hafði stungið upp á (3. grein). Ákvörðun þessarar greinar lýtur að því, að málssóknaradferðin í þeim málum, sem rísa út af afbrotum gegn banni því, sem lög þessi leggja við illri meðferð á skepnum, skuli vera hin sama og sú, sem við er höfð í opinberum lögreglumálum, og er fyrir þessu talin sú ástæða, að nauðsynlegt sé, að framgangsmátinn til að útkljá mál þessi verði sem allraeinfaldastur og kostnaðarminnstur; svo eigi og þessi málssóknaradferð bezt við um þau lagabrot, sem ekki geta varðað meiri hegning en fábótum. En þessi skoðun, sem nú var getið, er ekki rétt; því það er ekki komið undir eðli hegningarinnar, heldur undir eðli lagabrotanna, hvort fara skal með mál sem lögreglumál eður ekki, og hvað hina fyrri ástæðuna snertir, þá ber þess að gæta, að á Íslandi þarf eigi yfirvalds boð til að ákæra sakamenn, og eigi er þar heldur settur sækjandi í sakamálum í héraði, en af þessu leiðir, að meðferð þessara mála á Íslandi í öllu verulegu er eins einföld og kostnaðarlítill eins og meðferð opinberra lögreglumála. Með því nú þessu er þannig varið, og með því ill meðferð á skepnum eigi er lögreglubrot, þá ber eigi að fara með mál um þetta efni sem opinber lögreglumál.

1862.

29. ágústm.

En að því leyti snertir þær tvær breytingar, sem alþingi í 1. grein frumvarps síns hefir stungið upp á að gjörðar væru við frumvarp stjórnarinnar, þá virtist ekki vera neitt því til fyrirstöðu, að breytt væri þessari setning: „hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður annara“, á þann hátt, að hún hljóði þannig: „hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður eigi“. Efni greinarinnar breytist ekki við þessa orðabreyting, og það er ef til vill hagfelldara, að greinin sé orðuð á þenna hátt, því með því móti verður það skýlausara, að einnig má beita hegningunni fyrir illa meðferð á skepnunum, sem enginn er eigandi að; þetta virðist og vera tilgangurinn í lögunum 21. janúarm. 1857, smbr. orðin: „einkum húsdýrum“. Vafasamara er þar á móti, hvort full ástæða sé til að sleppa eptir uppástungu alþingis ákvörðun frumvarpsins um líkamlega hegning, er skyldi við lögð fyrir hin saknæmari af brotum þeim, sem hér er um rætt. Þessi ákvörðun er tekin í frumvarpið eptir uppástungu alþingis, þess er haldið var 1859, og konungsfulltrúi, sem hefir lagt það til að frumvarpið skyldi gjört óbreytt að lögum, hefir getið þess viðvíkjandi þessari breyting þingsins, að þó sjaldan mundi til þess koma, að beitt yrði harðari hegning en fébótum fyrir þess konar lagabrot, sem um er rætt í frumvarpinu, geti það samt sem áður hugsagt, og slíkt hafi jafnvel fyrir komið, að brot gegn lögunum verðskuldi líkamlega hegning, og hafi dómstólarnir einnig beitt þeirri hegning, þegar svo hefir verið ástatt. Þingið hefir nú til styrkingar þessari uppástungu sinni til fært, að því síðar hafi gefizt kostur á að kynna sér betur hugsunarháttu manna á Íslandi um þetta efni, en eptir þeim eigi afbrot þessi ekki að geta valdið harðari hegning en sektum, og að það virðist með öllu nauðsynlegt, er setja skal ný lög um þessar yfirsjónir, að hegningin verði þannig ákveðin, að þau mál, er höfðuð verði út af afbrotum gegn lögunum, geti orðið útkljáð án þess dómur þurfi að falla í þeim, en til þess útheimtist eptir tilsk. 24. janúarm. 1838, 10. gr., að málið eigi geti leitt til harðari hegningar en fébóta. En ástæður þessar virðast í raun og veru ónógar; og þar sem stjórninni eigi að síður þótti réttast að fallast á uppástungu þingsins um þetta atriði, þá leiddi sú

1862.

29. ágústm.

skoðun til þess, að þó nú sem stendur ekki verði komizt hjá að við hafa vandarhaggarefsing á Íslandi á þann hátt, sem hún nú er þar fyrirskipuð, er á hinn bóginn mikil hvöt til að forðast að ákveða hegning þessa í nýjum lögum, að svo miklu leyti, sem með nokkru móti verður hjá því komizt. Um leið og þessi breyting er gjörð á frumvarpinu væri reyndar réttast að hækka hæsta stig sektanna, en þá yrði aptur að leggja fyrir alþingi frumvarp um það efni, og eptir því, sem ástatt er á Íslandi, er það nokkurnvegin við hæfi, að hæsta stig sektanna sé 50 rdl. Að endingu skal þess getið, að ekki virðist vera ástæða til að breyta fyrirsögn lagabóðsins eptir uppástungu alþingis. Sú fyrirsögn, sem þingið stakk upp á, er í raun og veru ekki öldungis rétt, með því hún ætti þá heldur að vera; „opið bréf um hegning fyrir illa meðferð á skepnum á Íslandi“. En haggfelldara virðist að vísað sé til laganna 21. janúarm. 1857 eins og gjört er í fyrirsögninni fyrir frumvarpi stjórnarinnar, bæði af því þar með er bent til uppruna lagabóðsins, og svo vegna þess, að það form hefir verið við haft að undanfögnu, þegar eitthvert lagabóð, sem út hefir komið fyrir Danmörk, hefir verið lögleitt á Íslandi án þess á því hafi verið gjörðar mjög verulegar breytingar.

48. Reglugjörð um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar. 29. ágústm.

Vér Friðrik hinn sjöundi, og s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegulegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Verzlunarstaðurinn Akureyri, með takmörkum þeim, sem nú eru, skal hëðan af vera bæjarfélag og lögsagnarumdæmi sèr, og nefnast kaupstaður; þó skal hlutaðeigandi stjórnarráð eiga rétt á